



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 62/2011

Fullyrðingar Stekkjarlundar ehf. á heimasíðu og í blaðauglýsingu.

I.

Erindið

Með bréfi Kyndingar ehf. til Neytendastofu, dags. 20. september 2010, er kvartað yfir fullyrðingum sem fram koma á heimasíðu Stekkjarlundar ehf. og í blaðauglýsingu fyrirtækisins. Að mati kvartanda eru fullyrðingarnar rangar, ófullnægjandi og villandi og til þess fallnar að blekkja neytendur. Í kvörtuninni kemur fram að á heimasíðu Stekkjalundar segi:

„Öflugasta varmadælan á markaðinum Fujitsu Nocria 14LBC“.

Fullyrðingin sé röng. Kynding selji tvær loft í loft varmadælur sem séu afkastameiri, eða 7,7kW og 9,35kW. Þar að auki selji fyrirtækið margar aðrar gerðir varmadæla sem séu stærri og afkastameiri, t.d. 45kW.

Á heimasíðu Fujitsu standi að afköst í hitun (heating capacity) Fujitsu Nocria 14LBC séu 0,9kW minnst (min), 6kW miðlungs (med) og 9,1kW mest (max). Þegar kaldast sé, taki varmadælan 1020w en skili 900w. Loft í loft varmadælur eins og hér um ræðir, séu háðar sveiflum í útihita sem geri það að verkum að afköstin minnki þegar kólni úti og aukist þegar hlýni. Þessi varmadæla virðist vera 6kW við +7°C sem sé venjulega viðmiðið á uppgefinni stærð. Aðeins svo kallaðar vatn í vatn varmadælur séu ekki háðar lofthita utandyra.

Í blaðauglýsingu í Bændablaðinu þann 26. ágúst 2010, sé auglýsing frá Stekkjarlundi þar sem segi:

„Fujitsu er allt að 30% ódýrari í rekstri en flestar tegundir varmadæla“.

Þessi fullyrðing sé ekki rökstudd. Þá sé fullyrt í auglýsingunni:

„Heldur jöfnum hita allt niður í -30°C“.

Að mati kvartanda standist þessi fullyrðing enga skoðun þar sem loft í loft varmadælur af þeirri gerð sem hér um ræði séu háðar útihita.

Framleiðandi segi þessa vél geta hitað herbergi allt að 150 m², Stekkjarlundur segi allt að 230 m². Hvorug þessara talna standist íslenskar kröfur sem fagmenn á þessu sviði ættu að vita.

„8 ára ábyrgð“ virðist án skilyrða.

„Varmadælur eru okkar fag!“, sé ritað á heimasíðu Stekkjarlunda ehf. Sé hér trúlega á ferðinni brot á iðnaðarlögum.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi Kyndingar var sent Stekkjarlundi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 28. september 2010. Í bréfinu var óskað skýringa og athugasemda fyrirtækisins í tilefni erindisins. Í bréfinu var þess getið að af fylgigögnum með erindinu mætti ráða að kvartandi teldi fullyrðingarnar varða við ákvæði 4. mgr. 6. gr., b. lið 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr., 14. gr., 2. mgr. 16. gr. a. og 16. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Jafnframt var vakin athygli á 5. gr. sömu laga.

Svar Stekkjarlunda er dags. 22. nóvember 2010. Þar er í upphafi vísað á bug að auglýsingar Stekkjarlunda feli í sér brot á iðnaðarlögum. Þá segir hvað viðkomi tæknilegum eiginleikum varmaskipta þá sé vísað til upplýsinga frá framleiðanda. Þar komi fram tæknilegar upplýsingar sem teknar séu upp í auglýsingu Stekkjarlunda. Ekkert hafi komið fram um að þetta séu ekki réttmætar upplýsingar. Telji Stekkjarlundur sig því hafa farið í einu og öllu eftir fyrirmælum laga nr. 57/2005 við auglýsingar sínar og þær upplýsingar sem settar hafi verið fram hafi verið réttar þegar auglýsingin birtist. Hins vegar sé viðurkennt að sífellt séu að koma á markað ný tæki sem vonandi séu betri en þau sem áður hafi verið framleidd þannig að staðhæfing um að eitthvað sé best eða stærst eigi ekki lengur við um gamla auglýsingu. Stekkjarlundur muni gæta þess framvegis að haga orðalagi í auglýsingum þannig að þær falli að þessum veruleika.

Þá fylgdu bréfinu auglýsingar frá Kyndingu þar sem lýsingarorð í efsta stigi eru notuð og þess óskað að Neytendastofa grípi til viðeigandi ráðstafana.

2.

Með tölvubréfi Varmavéla ehf. til Neytendastofu, dags. 5. janúar 2011, eru gerðar athugasemdir við auglýsingar Stekkjarlunda á varmadælum, sem kvartandi telur að séu villandi og rangar. Gerð er athugasemd við auglýsingu í Bændablaðinu þar sem segi að tiltekna varmadælur séu allt að 30% hagkvæmari í rekstri en aðrar sambærilegar varmadælur og að þær haldi jöfnum hita niður í -30°C . Þessi atriði tengist náið saman og óskað sé eftir ýtarlegum upplýsingum og gögnum sem geti stutt báðar þessar fullyrðingar. Sérstaklega sé óskað gagna um varmastuðul (COP) varmadælanna við mismunandi útihitastig, til dæmis -7°C , -15°C og sérstaklega við 30°C .

Auglýsingin gefi í skyn að varmadælnar komi „beint frá Japan“. Á tækjunum sjálfum komi hinsvegar ekki fram hvar tækið sé framleitt. Þá veki athygli að raðnúmer vélanna er lág 3-stafa tala (< 500) en á heimasíðu Fujitsu komi fram að þessi tiltekna tegund hafi verið framleidd um nokkurra ára skeið. Af því leiði að verulegar líkur séu á því að varmadælnar séu ekki framleiddar í Japan.

3.

Bréf Varmavéla var sent til umsagnar Stekkjarlunda með bréfi Neytendastofu, dags. 6. janúar 2011. Í bréfinu var þess getið að erindið varði að miklu leyti það sama og erindi Kyndingar og muni Neytendastofa sameina málin til einföldunar á málsmeðferð. Þá er þess getið að í erindinu sé ekki vísað til lagaákvæða en stofnunin telji ákvæði 5. gr., 4. mgr. 6. gr., b. lið 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr., 14. gr., 16. gr. a. og 16. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, hugsanlega geta komið til álita í málinu.

Þar sem Stekkjarlundur hafi þegar komið að skýringum við hluta af kvörtun Varmavéla vegna kvörtunar Stekkjalunda óski stofnunin eftir skýringum eða athugasemdum við önnur atriði erindisins.

4.

Bréf Stekkjarlunda, dags. 22. nóvember 2010, var sent Kyndingu til umsagnar, með bréfi Neytendastofu dags. 6. janúar 2010. Í bréfinu var jafnframt upplýst að erindi hefði borist frá Varmavélum og vegna nánna tengsla kvörtunarefna Kyndingar og Varmavéla hafi stofnunin tekið þá ákvörðun að sameina meðferð málanna til einföldunar á málsmeðferð.

5.

Með bréfi Neytendastofu til Kyndingar, dags. 6. janúar 2010, var tilkynnt að Neytendastofa hefði sama dag sent Stekkjarlundi bréf ásamt erindi Varmavéla ehf., til umsagnar fyrirtækisins. Jafnframt var tilkynnt að Neytendastofa hafi tekið þá ákvörðun að sameina meðferð málanna til einföldunar á málsmeðferð.

6.

Bréf Stekkjarlundar til Neytendastofu er dags. 18. mars 2011. Þar segir um fullyrðinguna „*Öflugasta varmadælan á markaðinum Fujitsu Nocria 14 LBC*“ að hér sé átt við að dælan hafi staðið sig best á köldum svæðum þar sem miklar kröfur séu gerðar um að tækið virki, svo sem í frosti, vindi og snjókomu. Hafi fyrirtækið selt þessa dælu undanfarin ár á Íslandi með mjög góðum árangri. Hafi dælan verið seld á staði sem áður hafi keypt aðrar gerðir varmadæla sem ekki hafi gengið þegar veður hafi versnað og frost aukist. Það þurfi meiri orku til að ná varma úr -30° heitu lofti en $+7^{\circ}$ gráðu heitu. Það skipti notandann öllu máli að þá örfáu daga sem frost fari niður í -30° að varmadælan virki og skili hita sem nægi til að halda húsinu íbúðarhæfu en hætti ekki að virka fljótlega eftir að mínus tölur fari að sjást á hitamælimum.

Um fullyrðinguna „*Fujitsu er allt að 30% ódýrari í rekstri en flestir tegundir varmadæla*“ segir að eftir því sem fyrirtækið viti best hafi Fujitsu General verið fyrstir í heiminum til að hanna og framleiða sjálfvirka hreinsun á loftslúu bæði hvað varðar ryk og bakteríur. Það hafi minnkað orkunotkun um 25%. Að auki hafi verið sett nýtt kefli (vifta) sem auki loftflæði um 10%. Þetta ásamt öðrum tækninýjungum geri það að verkum að þessi sparneytni hefur náðst. Þetta er auglýst á sama hátt erlendis þar sem þeir hafa lagt fram sínar tilraunir. Í Noregi sé sagt að þetta minnki orkunotkun um 25% og í Svíþjóð sé sagt allt að 30% sparnaður. Þetta séu þær upplýsingar sem fyrirtækið styðjist við. „*Heldur jöfnum hita allt niður í -30° .*“ Um þessa fullyrðingu segir í bréfinu að sé heimasíða umboðsaðila Fujitsu general í Noregi skoðuð megi þar lesa um tilraun á vatnshitapumpu. Samvinna var milli General í Noregi og FG-Nordic í Finnlandi um þessa tilraun. Hægt hafi verið að halda hita í -30° í 150 m^2 húsi. Vélarnar hafi virkað eins og ætlast var til. Til þess að geta selt svona varmadælu í Kanada þurfi að standast gæðakröfur þar. Þar sé krafist að allt það efni sem notað sé í framleiðslu á tækjunum þoli -30° . Þá séu varmadælurnar CE merktar og standist þar með evrópskar reglur.

„*8 ára ábyrgð.*“ Það hljóti að vera hagur neytandans að hafa sem lengsta ábyrgð. Í ábyrgðinni felist ábyrgð á öllum göllum sem rekja megi til framleiðslu tækjanna eða uppsetningar en ekki til meðferðar eða illrar umgengni. Fyrirtækið geri kaupendum ljóst hvernig þurfi að umgangast tækin svo ábyrgðin haldi.

„*Varmadælu eru okkar fag*“. Það séu sjö ár frá því Árni Sigurpálsson (síðar Stekkjarlundur) flutti inn fyrstu loft í loft varmadæluna. Frá þeim tíma hafi starfsmenn prófað ýmsar gerðir varmadæla framleiddum í Kína, Síberíu, Malasíu, Indlandi og fleiri stöðum með slæmum árangri. Það var ekki fyrr en að fyrirtækið hafi hafið innflutning á Fujitsu varmadælum sem hlutirnir hafi farið að ganga. Af þessu hafi skapast mikil reynsla og tæpast hafi nokkrir aðrir meiri reynslu. Þá hafi Árni Sigurpálsson sótt skóla á vegum Fujitsu í Svíþjóð þar sem hann hafi fengið sinn undirbúning. Hjá fyrirtækinu starfi rafeindavirki og kælitækjasérfræðingur sem sjái

um uppsetningu auk Árna og starfsmanns með reynslu frá Danmörku á þessu sviði. Starfsmenn Stekkjarlundar hafi sótt skóla hjá Fujitsu General í Svíþjóð og kynnt sér uppsetningu og viðgerðir á varmadælum. Þá hafi sérfræðingar Fujitsu General komið til Íslands og kennt viðgerðir o.fl. Á þessum árum hafi starfsmenn fyrirtækisins sett upp nálægt 300 varmadælur svo reynslan sé mikil.

Varðandi bréf Varmavéla þá eigi sömu svör við og fram koma um fullyrðinguna „*Fujitsu er allt að 30% ódýrari í rekstri en flestir tegundir varmadæla*“.

Fujitsu varmadælnar séu greinilega merktar Fujitsu General Limited, heimilisfang fyrirtækisins, Japan og árgerð.

7.

Kyndingu ehf. og Varmavélum ehf. var til upplýsingar, sent bréf Stekkjarlundar ehf. með bréfum Neytendastofu, dags. 20. apríl 2011. Jafnframt var aðilum máls tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Bréfinu fylgdi skrá yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvarta Kynding ehf. og Varmavélar ehf. yfir fullyrðingum sem fram koma á heimasíðu Stekkjarlundar ehf. og í blaðaauglýsingu fyrirtækisins. Kvartað er yfir fullyrðingunum sem að mati kvartenda séu ósannaðar. Fullyrðingarnar eru eftirfarandi:

„Öflugasta varmadælan á markaðinum Fujitsu Nocria 14LBC“, „Fujitsu er allt að 30% ódýrari í rekstri en flestar tegundir varmadæla“, „Heldur jöfnum hita allt niður í -30°C“, „8 ára ábyrgð“ og „Varmadælur eru okkar fag!“

Þá er kvartað yfir því að í blaðaauglýsingu sé gefið í skyn að varmadælnar komi beint frá Japan, en á tækjunum sjálfum komi ekki fram hvar varmadælnar séu framleiddar og að verulegar líkur séu á því að varmadælnar séu ekki framleiddar í Japan.

Um fullyrðinguna „*Öflugasta varmadælan á markaðinum Fujitsu Nocria 14LBC*“, segir Stekkjarlundur að Fujitsu Nocria 14LBC varmadælan hafi staðið sig best á köldum svæðum þar sem gerðar séu kröfur um að tækið virki. Hafi dælan verið seld á staði sem áður hafi keypt aðrar gerðir varmadæla sem ekki hafi gengið þegar veður hafi versnað og frost aukist. Því sé dælan sú öflugasta á markaðinum.

Hvað viðkemur fullyrðingunni „*Fujitsu er allt að 30% ódýrari í rekstri en flestar tegundir varmadæla*“, segir Stekkjarlundur að Fujitsu General hafi verið fyrstir í heiminum til að hanna og framleiða sjálfvirka hreinsun á loftsiú. Það hafi minnkað orkunotkun um 25%. Að auki hafi verið sett nýtt kefli sem auki loftflæði um 10%. Af því leiði auk annarra tækninýjunga að verulegur sparnaður náist þ.e. sé Fujitsu varmadælur séu 30% ódýrari í rekstri en flestar tegundir varmadæla.

„*Heldur jöfnum hita allt niður í -30°C*“. Í svari Stekkjarlundar er vísað til tilraunar sem gerð var af norskum og finnskum aðilum. Í þeirri tilraun hafi verið haldið hita í 150 m² húsi – 30°C.

Um „*8 ára ábyrgð*“ segir Stekkjarlundur að í henni felist ábyrgð á öllum göllum sem rekja megi til framleiðslu tækjanna og uppsetningar þeirra.

Varðandi fullyrðinguna „*Varmadælur eru okkar fag*“, segir í svari Stekkjarlundar að löng reynsla starfsmanna af innflutningi og uppsetningu varmadæla, ásamt með skólagöngu hjá Fujitsu í Svíþjóð og námskeiða á Íslandi haldin af sérfræðingum Fujitsu o. fl. hafi gert starfsmenn Stekkjarlundar að fagmönnum á þessu sviði.

Þá segir í bréfi Stekkjarlundar að Fujitsu varmadælurnar séu greinilega merktar Fujitsu General Limited, heimilisfang fyrirtækisins, Japan og árgerð. Lagðar voru fram ljósmyndir af varmadælu því til staðfestu.

2.

Í erindunum var ekki vísað til lagagreina en Neytendastofa benti á að til álita gætu komið ákvæði 5. gr., 4. mgr. 6. gr., b. lið 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr., 14. gr., 2. mgr. 16. gr. a. og 16. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaáðferða. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. segir:

„*Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.*“

Í b. lið 1. mgr. 9. gr. segir:

Viðskiptahættir eru villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Hér er átt við rangar upplýsingar um:

...

b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar.

2. mgr. 9. gr. hljóðar svo:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytanda um að eiga viðskipti.“

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega skv. ákvæðinu ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinautum auglýsanda eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Í 16. gr. a. segir:

„Yfirlýsingu um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.“

Ábyrgðaryfirlýsing er lagalega bindandi fyrir ábyrgðaraðila á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í ábyrgðarskilmálum og auglýsingum hans.“

16. gr. b. hljóðar svo:

„Ef ábyrgðaryfirlýsing er veitt skal seljandi vöru eða þjónustu upplýsa neytanda á skýran og greinargóðan hátt um gildissvið ábyrgðarinnar og hvaða skilyrði eru sett til þess að neytandi geti borið fyrir sig ábyrgðina. Jafnframt skal seljandi upplýsa neytanda á skýran hátt um þau ófrávíkjanlegu réttindi sem hann nýtur samkvæmt ákvæðum laga og ábyrgðaryfirlýsingin hefur engin áhrif á. Ef neytandi óskar þess ber seljanda að afhenda honum skilmála ábyrgðaryfirlýsingarinnar ritaða á pappír eða á öðrum varanlegum miðli sem er neytandanum aðgengilegur. Skriflegar ábyrgðaryfirlýsingar skulu vera á íslensku.“

3.

Verður nú litið til hvernar fullyrðinga Stekkjarlundar sem fram koma á heimasíðu fyrirtækisins og í fyrr greindri blaðaauglýsingu.

„Öflugasta varmadælan á markaðnum Fujitsu Nocria 14LBC“

Stekkjarlundur segir m.a. rök fyrir þessari fullyrðingu vera þau að dælan hafi staðið sig best á köldum svæðum þar sem miklar kröfur séu gerðar og að fyrirtækið hafi selt slíkar dælur undanfarin ár á Íslandi með mjög góðum árangri. Hafi dælur af þessu tagi verið seldar á staði þar sem áður höfðu verið keyptar aðrar gerðir varmadæla sem ekki hafi gengið í vöndum veðrum. Fujitsu General framleiði stærri dælur en ekki sé átt við það heldur hversu vel dælan standi sig á almennum markaði til heimilishitunar.

Að mati Neytendastofu eru framangreind rök ekki til þess fallin að færa sönnur á fullyrðinguna. Er því fullyrðingin brot á 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Þá er fullyrðingin villandi og til þess fallin að blekkja neytendur og hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti og því brot á b. lið 1. mgr. 9. gr. sömu laga. Ekki er greint frá því á hverju fullyrðingin byggist sem augljóslega skiptir máli fyrir neytendur. Er því fullyrðingin brot á 2. mgr. 9. gr. laganna. Þá er fullyrðingin ósanngjörn gagnvart keppinautum enda fullyrðingin til þess fallin að hafa áhrif á eftirspurn. Er því fullyrðingin brot á 14. gr. laganna. Ákvæði 9 og 14. gr. laga nr. 57/2005 eru í III. og V. kafla laganna. Því er einnig um að ræða brot gegn ákvæði 5. gr. sömu laga.

„Fujitsu er allt að 30% ódýrari í rekstri en flestar tegundir varmadæla“

Rök Stekkjarlundar eru þau að framleiðandi dælnunnar hafi eftir því sem Stekkjarlundur viti best verið fyrstur í heiminum til að hanna og framleiða sjálfvirka hreinsun á loftsíu bæði hvað varði ryk og bakteríur. Það hafi minnkað orkunotkun um 25%. Ný vifta hafi aukið loftflæði um 10%. Þetta ásamt fleiri tækninýjungum geri það að verkum að sparneytni hafi náðst. Erlendis sé auglýst á sama hátt og lagðar fram tilraunir því til staðfestu. Í Noregi sé sagt að þetta minnki orkunotkun um 25% og í Svíþjóð allt að 30%. Þetta séu þær upplýsingar sem Stekkjarlundur styðjist við.

Við skoðun á erlendum heimasíðum söluaðila Fujitsu varmadæla kemur fram með framangreindum rökum að náðst hafi 25 – 30% sparnaður miðað við fyrri rekstrarkostnað við varmadælurnar. Neytendastofa fær ekki séð að hér sé um samanburð við keppinauta að ræða. Að mati Neytendastofu eru framangreind rök Stekkjarlundar því ekki til þess fallin að færa sönnur á fullyrðinguna. Er því fullyrðingin brot á 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Þá er fullyrðingin villandi og til þess fallin að blekkja neytendur og hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti og því brot á b. lið 1. mgr. 9. gr. sömu laga. Ekki er greint frá því á hvaða upplýsingum fullyrðingin byggist sem augljóslega skiptir máli fyrir neytendur. Er því fullyrðingin brot á 2. mgr. 9. gr. laganna. Þá er fullyrðingin ósanngjörn gagnvart keppinautum enda fullyrðingin til þess fallin að hafa áhrif á eftirspurn. Er því fullyrðingin brot á 14. gr. laganna. Ákvæði 9 og 14. gr. laga nr. 57/2005 eru í III. og V. kafla laganna. Því er einnig um að ræða brot gegn ákvæði 5. gr. sömu laga.

„Heldur jöfnum hita allt niður í -30°“

Um þessa fullyrðingu segir Stekkjarlundur að á heimasíðu umboðsaðila Fujitsu varmadæla í Noregi megi lesa um prófun sem gerð var í Noregi. Þar hafi verið unnt að halda hita í 150 m² húsi í -30% hita. Dælurnar hafi virkað eins og ætlast hafi verið til.

Að mati Neytendastofu eru upplýsingar af vefsíðu um tilraun sem gerð er í einu húsi í Noregi ekki nægjanleg sönnun þess að varmadælan haldi jöfnum hita við hinar ýmsu aðstæður á Íslandi. Fullyrðingin er því of afdráttarlaus miðað við íslenskar aðstæður. Að mati Neytendastofu eru því framangreind rök Stekkjarlundar ekki til þess fallin að færa sönnur á fullyrðinguna. Er því fullyrðingin brot á 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Þá er fullyrðingin villandi og til þess fallin að blekkja neytendur og hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti og því brot á b. lið 1. mgr. 9. gr. sömu laga. Ekki greint frá því á hverju fullyrðingin byggist sem augljóslega skiptir máli fyrir neytendur. Er því fullyrðingin brot á 2. mgr. 9. gr. laganna. Þá er fullyrðingin ósanngjörn gagnvart keppinautum enda fullyrðingin til þess fallin að hafa áhrif á eftirspurn. Er því fullyrðingin brot á 14. gr. laganna. Ákvæði 9 og 14. gr. laga nr. 57/2005 eru í III. og V. kafla laganna. Því er einnig um að ræða brot gegn ákvæði 5. gr. sömu laga.

„8 ára ábyrgð“

Í svari Stekkjarlundar kemur fram að í ábyrgðaryfirlýsingunni felist ábyrgð á öllum göllum sem rekja megi til framleiðslu tækjanna og uppsetningu þeirra.

Samkvæmt 18. gr., sbr. 27. gr. laga um neytendakaup nr. 48/2003 er almennur kvörtunarfrestur í tilefni af galla á söluhluti tvö ár en getur þó verið allt að fimm ár. Sama á við um t.d. uppsetningu

tækja. Af svari Stekkjarlundar verður ekki annað ráðið en að fyrirtækið sé að veita kaupanda meiri rétt þ.e. lengri ábyrgð en skylt er skv. framangreindum lagagreinum. Ábyrgðin nær að öllu leyti til þeirra þátta sem lög krefjast en ekki er þar veitt nein önnur aukaleg réttindi að því er séð verður. Að mati Neytendastofu er því ekki þörf á nákvæmri útlistun á ábyrgðinni í auglýsingunni. Er því yfirlýsing Stekkjarlundar ekki brot á a. og b. lið 16. gr. laga nr. 57/2005.

„Varmadælar eru okkar fag!“

Í athugasemdum Kyndingar varðandi þessa fullyrðingu segir að hér sé trúlega á ferðinni brot á iðnaðarlögum. Þar sem Neytendastofa hefur ekki eftirlit með iðnaðarlögum verður ekki tekin afstaða til þessa þáttar erindisins.

Í erindi Varmavéla er hafðar uppi efasemdir um að Fujitsu varmadælar séu framleiddar í Japan. Stekkjarlundur hefur lagt fram ljósmyndir af varmadælunum sem taka af allan vafa um að þær eru framleiddar í Japan. Mun því Neytendastofa ekki fjalla frekar um þennan þátt erindisins.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Stekkarlundur ehf., Bjarkarlundi, Reykhólahreppi, hefur með auglýsingum á heimasíðu og í blaðaauglýsingu með eftirfarandi fullyrðingum um Fujitsu varmadælar: „Öflugasta varmadælan á markaðinum Fujitsu Nocria 14LBC“, „Fujitsu er allt að 30% ódýrari í rekstri en flestar tegundir varmadæla“ og „Heldur jöfnum hita allt niður í -30°C“. brotið gegn ákvæðum 5. gr., 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Stekkjarlundi ehf. bönnuð birting fullyrðinganna á heimasíðu og í auglýsingum. Bannið tekur gildi einni viku frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir sbr. IX. kafla laga nr. 57/2005.“

Neytendastofa, 25. október 2011

Tryggvi Axelsson

forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir